



Reykjavík, 27. nóvember 2025
SFS24100147

Tillaga

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga varðandi þjónustusamning um framlag vegna reksturs leikskóla milli Reykjavíkurborgar og Hamingjuhallarinnar ehf. vegna Laufásborgar að Laufásvegi 53-55.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerður verði samningur um greiðslu framlags til Hamingjuhallarinnar ehf. vegna reksturs leikskólans Laufásborg að Laufásvegi vegna allt að 116 barna með lögheimili í Reykjavík á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Breytingin taki gildi 1. janúar 2026 og miðar við að samþykkt verði rekstrarleyfi fyrir leikskólann Laufásborg að Laufásvegi 53-55 við sama aðila. Sviðsstjóra verði því falið að gera samning við Hamingjuhöllina ehf. á grundvelli meðfylgjandi fyrirmyndar að samningi við sjálfstætt starfandi leikskóla.

Greinargerð:

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Jensínu Eddu Hermannsdóttur, fyrir hönd Hamingjuhallarinnar ehf., kt. 650324-0480, dags. 14. október 2024, um að gerður verði þjónustusamningur við fyrrnefndan aðila vegna reksturs leikskóla að Laufásvegi 53-55. Fyrir liggur að þann 3. júní 2025 barst skóla- og frístundasviði bréf tveggja stjórnarmanna Hjallastefnunnar ehf. þar sem tilkynnt var um að þjónustusamningi milli Hjallastefnunnar ehf. og Reykjavíkurborgar um rekstur leikskólans Laufásborgar frá árinu 2025 væri sagt upp.

Fyrir liggur tillaga sviðsstjóra, dags. 27. nóvember 2025, vegna rekstrarleyfis Hamingjuhallarinnar ehf. og brottfalls rekstrarleyfi Hjallastefnunnar ehf. með vísan til reglna Reykjavíkurborgar þar um og 25. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Óskað er eftir að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði heimilað að gera samning um framlag vegna reksturs leikskóla við Hamingjuhöllina ehf. vegna reksturs leikskóla



Laufásborgar. Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir að heimilt verði að greiða framlag vegna allt að 116 barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára með lögheimili í Reykjavík.

Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif

Gert er ráð fyrir framangreindum kostnaði í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasvið þar sem Hamingjuhöllin ehf. er að taka við rekstri leikskólans af Hjallastefnunni ehf. Hamingjuhöllin ehf. er þannig að tryggja áframhaldandi rekstur leikskóla í húsnæðinu og þjónustu til þeirra barna sem nú þegar eru skráð í leikskólann Laufásborg.

Niðurlag

Af hálfu skóla- og frístundasviðs er lagt til að heimilt verði að greiða framlag vegna að hámarki 116 barna með lögheimili í Reykjavík á aldrinum 18 mánaða til 6 ára frá 1. janúar 2026 á grundvelli meðfylgjandi fyrirmyndar að samningi við sjálfstætt starfandi leikskóla. Samningurinn gildir til 31. desember 2028 í samræmi við aðra samninga Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi leikskóla.

Gerður er fyrirvari um að breytt rekstrarleyfi verði samþykkt.

